



Viðbót við fornleifaskráningu

vegna mats á umhverfisáhrifum veg- og gangagerðar í
Fjarðabyggð



Guðný Zoëga

Ágúst 2008

2008/78

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Tilgangur fornleifaskráninga og aðferðir	2
Viðbót við fornleifaskrá 2008	4
Kirkjuból /Ásmundarstaðir – ágríp af sögu	4
Hólar – ágríp af sögu.....	14
Niðurstöður	16
Minjar í og við framkvæmdasvæði – mótvægisaðgerðir	16
Samantekt.....	32
Niðurlag	33
Heimildir	34

Inngangur

Í október 2007 kom út á vegum Byggðasafns Skagfirðinga skýrsla um skráningu fornleifa í tengslum við væntanlega veg- og jarðgangagerð í Fjarðabyggð.¹ Skráðar voru fornleifar innan afmarkaðs rannsóknarsvæðis en eiginlegar veglínur lágu þá ekki fyrir. Í apríl 2008 fór Vegagerðin þess á leit við Fornleifadeildina að hún gerði viðbótarskráningu á stækkuðu rannsóknarsvæði auk þess að fjalla um áhrif mismunandi veglína á fornleifar. Skráðar voru fornleifar á svæði allt frá Kirkjubólstúni inn fyrir tún á Hólum. Minjarnar sem bætt var við skrána eru annarsvegar minjar í landi Kirkjubóls, flestar tilheyrandi fornbylínu Ásmundarstöðum, hinsvegar nokkrar tóftir og mógrafarsvæði sem ekki höfðu fundist við skráningu í landi Hóla 2007. Vettvangsvinnan var í höndum Bryndísar Zoëga, landfræðings og Guðnýjar Zoëga fornleifafræðings sem einnig vann skýrsluna.

Tilgangur fornleifaskráninga og aðferðir

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

¹ Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga 2007, *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum Norðfjarðargangna*.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning er forsenda skipulegrar minjavörslu svo sem þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Þeir sem stýra hvers konar framkvæmdum verða að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á framkvæmdasvæðinu, svo unnt sé að taka tillit til minja við skipulagsvinnu og varðveislu sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum. Því er mikilvægt að fornleifaskráning sé gerð með nægilegum fyrirvara áður en framkvæmdir eiga sér stað. Björgunaruppgröftur, sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi vegna þeirra, er engan veginn æskilegur. Hvorki fyrir framkvæmdaaðila né frá sjónarmiði fornleifafræðinnar, og því sameinar fornleifaskráningin hagsmuni beggja.

Aðferð við skráningu

Minjar eru skráðar upp úr heimildum og einnig er talað við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Á vettvangi eru svæði gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst auk þess sem þær eru teiknaðar upp og ljósmyndaðar.

Í skýrslunni fá allar fornleifar auðkennisnúmer og hér er notað sama númerakerfi og við skráninguna 2007. Fyrsti hluti númersins er númer jarðarinnar í fasteignaskrá, annar hlutinn er númer jarðarinnar í Jarðatali Johnsens frá 1847² og síðasti hlutinn er hlaupandi númer innan hvernar jarðar. Einnig fylgja með svokallaðar kennitölur [Fvrnr.] en það er auðkennisnúmer sem að hver fornleif fær í kerfi Fornleifaverndar ríkisins.

Hlutverk og tegund minja er skráð og lagt er mat á hversu vel þær eru varðveittar og í hversu mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi.

Nákvæm staðsetning minja er gefin upp í skránni við hverja fornleif sem stakt hnit. Minjarnar eru einnig mældar upp á vettvangi með nákvæmu GPS tæki (Trimble ProXrs) sem gefur nákvæmni með undir metra í skekkju. Verkkaupi fær eintak af öllum uppmælingagögnum. Staðsetning minjanna er einnig færð inn á meðfylgjandi loftmyndir frá Loftmyndum ehf sem Vegagerðin lét í té.

Upplýsingarnar eru skráðar í gagnagrunn og er öllum gögnum skilað inn á stafrænu formi til Fornleifaverndar ríkisins.

² J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi*, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartölum 1855-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kaupmannahöfn 1847.

Viðbót við fornleifaskrá 2008

Kirkjuból /Ásmundarstaðir – ágríp af sögu



Horft til austurs í átt að bæjarstæði Kirkjubóls frá Ásmundarstöðum. Ljós. GZ.

Kirkjubóls er fyrst getið í kaupbréfi frá 1551 og var jörðin þá í bændaeign.³ Jörðin er í Jarðatali Johnsens metin á 9 hdr. og þá enn bændaeign.⁴ Samkvæmt nýju jarðamati frá 1861 er hún metin á 16,5 hundruð.⁵

Fornbýlið Ásmundarstaðir eru í landi Kirkjubóls og á, skv. þjóðsögum að hafa verið kirkjustaður. Býlisins er getið sem hjáleigu í eyðibýlaskrá Olavíusar en þar sagt í landi Hóls (líklega Hóla) og hafa farið í eyði 1756.⁶ Einhver misskilningur hlýtur að vera þar á ferð en minjar með því nafni eru ekki þekktar í landi Hóla. Ólafur Lárusson telur sennilegt að Ásmundarstaðir séu hið forna bæjarstæði Kirkjubóls og skýri það nafngift jarðarinnar og styrki munnmælasögu um kirkju á Ásmundarstöðum.⁷

Í Sveitum og jörðum í Múlaþingi (3. Bindi, bls. 42) segir að tilgátur séu um að Kirkjubólsbær hafi staðið neðar en nú er á svokölluðum Rana, en þar er nú sléttað tún. Engin merki eru um byggingar þar og aðrar heimildir eru ekki til fyrir bæjarstæðinu á öðrum stað en það er nú.

³ Íslenskt fornbréfasafn, XII, 315.

⁴ Jarðatal Johnsen (1847), 373.

⁵ *Ný jarðabók fyrir Ísland*, 1861, 143.

⁶ Ólafur Olavíus, *Ferðabók*, 143.

⁷ Ólafur Lárusson (1937-39), 41-42.

Árið 1999 var, á vegum minjavarðar Austurlands, gerð minniháttar fornleifarannsókn á Ásmundarstöðum og kom í ljós að þar hefur verið byggð þegar á 10. öld og allt fram á 15-17 öld.⁸ Hinsvegar fundust ekki órækar sannanir fyrir kirkju enda um takmarkaða rannsókn að ræða.



Horft til norðvesturs yfir bæjarhól Ásmundarstaða. Hóllinn liggur á vesturbakka gils eða lægðar þar sem lækur hefur runnið um áður fyrr. Ljós. GZ.

Kirkjuból 158160 99- 9

Fvnr.: 10056

Sérheiti: Ásmundarstaðir

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Bæjarhóll

Ástand: Gott, hóllinn er óskaddaður að öðru leyti að efst á honum eru seinni tíma útihúsatóftir

Hættumat: Mikil hætta af völdum gróðurs og framkvæmda við vegagerð.

⁸ Guðný Zoëga og Mjöll Snæsdóttir 1999, Fornleifakönnun í Fjarðabyggð. Óprentuð rannsóknarskýrsla. Þjóðminjasafn Íslands.



Teikning af túngarði og öðrum minjum á Ásmundarstöðum

Staðhættir

Ásmundarstaðir liggja í grónum móa um 540m vestsuðvestur af núverandi bæjarhúsi á Kirkjubóli á vesturbakka smá gils sem lækur hefur runnið um fyrrum. Túnið er að hluta umlukið túngarði. Bæjarhóllinn liggur á grasflöt á vesturbakka gilsins en kjarr og annar gróður er mjög farinn að þrengja að bæjarstæðinu og er túngarðurinn að mestu að hverfa í kjarrgróður og hluti tóftanna umhverfis bæjarhóllinn er einnig kjarri vaxinn.

Lýsing

Bæjarhóllinn er um 30m langur og um 10m breiður. Efst á hólnum austanverðum er seinni tíma tóft, etv. stekkur eða beitarhús. Hóllinn en nokkurra metra hár og greinilegt er að eldri mannvistarleifar eru undir stekknunum. Vestari hluti hólsins er nokkru lægri og þar liggur eldri tóft, etv. einhverskonar kofa eða réttartóft.

Þegar grafið var í hólinn 1999 komu fram menjar um mannvist frá elstu tíð, líklega allt aftur á 10. öld.

Kirkjuból 158160 99- 10

Fvnr.: 10057

Sérheiti: Ásmundarstaðir

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Hleðsla

Ástand: Sæmilegt, garðurinn er mjög jarðsokkinn og rofinn á nokkrum stöðum af vatni, hann er vaxinn miklu kjarri

Hættumat: Mikil hætta af völdum gróðurs og mögulega vegna vegagerðar

Staðhættir:

Í Sveitum og jörðum segir „Við tættur á Ásmundarstöðum liggur torfgarður jarðsokkinn mjög, en samfelldur nokkur hundruð metra út að Kirkjubólsá. Sigfús Þorsteinsson Skálateigi man eftir framhaldi þessa garðs út fyrir skálateig“ (Sjm: 42)

Í örnefnaskrá segir um Ásmundarstaði: „Innan við bæinn, framan við ána, er **Borgarvöllur** (29). Framan við hann er **Grófarlækur**. Innan við hann eru **Móar** og innst á þeim **Ásmundarstaðir**. (Um þá eru skráðar sagnir í annálum og víðar.)“ (ÖK:1)

Ásmundarstaðir liggja í grónum móa um 540m vestsuðvestur af núverandi bæjarhúsi á Kirkjubóli á vesturbakka smá gils sem lækur hefur runnið um fyrrum. Túnið er að hluta umlukið túngarði. Bæjarhóllinn liggur á grasflöt á vesturbakka gilsins en kjarr og annar móagróður er mjög farinn að þrengja að bæjarstæðinu og er túngarðurinn að mestu að hverfa í kjarrgróður og hluti tóftanna umhverfis bæjarhólinn er einnig kjarri vaxinn.

Lýsing

Túngarðurinn liggur í boga suður fyrir tóftirnar. Hann er ekki greinanlegur sunnan eða austan tóftanna en verður sýnilegur um 20m suðsuðvestan bæjarhólsins. Þaðan liggur hann til suðurs á um 50m kafla og beygir þar til norðurs á um 20m löngum kafla og liggur svo til norðausturs á 250m löngum kafla og endar þar á bakka lækjar sem rennur austan Ásmundarstaða og gegn um tún á Kirkjubóli. Garðurinn er mjög jarðsokkinn og að stærstum hluta horfinn í kjarrgróður. Hann er um 2ja metra breiður og um 70cm þar sem hann er hæstur. Svæðið innan garðs er nokkru lægra en ofan hans og virðist sem að jarðvegur, etv. skriða, liggi upp að efri brún garðsins. Garðurinn er mestur um 2ja metra breiður og allt að einn metri á hæð að innanverðu.

Heimildir eru til um að garðurinn hafi náð langt út fjallshlíðina en engin merki eru um það núna enda svæðið að mestu komið í ræktuð tún. Óvíst er hvað tún Ásmundarstaða hefur verið stórt en ekki er hægt að fullyrða að allur sá hluti garðsins sem að enn er greinanlegur hafi umlukið sjálft túnið sé það rétt að garðurinn hafi náð lengra til austurs. Ekki er hægt að fullyrða um slíkt þar sem svæðið innan garðs er svo kjarri vaxið að ekki er hægt að greina þar önnur garðlög.

Um 78m beint norður af bæjarhólnum er ferkantað garðlag áfast túngarðinum, mjög virkjamikið þar sem að garðurinn er allt að metri á hæð. Innan þessa garðlags er rústabunga og rúst liggur fast utan þess að suðaustan.

Skógur fer mjög vaxandi þarna á svæðinu og mun ekki langt í að tóftirnar hverfi að mestu.

Aðrar upplýsingar

Í Sveitum og jörðum í Múlaþingi, 3. bindi, segir: Við tættur á Ásmundarstöðum liggur torfgarður jarðsokkinn mjög, en samfelldur nokkur hundruð metra út að Kirkjubólsá. Sigfús Þorsteinsson Skálateigi man eftir framhaldi þessa garðs út fyrir Skálateig II.“

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi III. bindi. Ármann Halldórsson (ritstj.) Búnaðarsamband Austurlands, 1976, bls. 42.

Kirkjuból 158160 99- 11

Fvnr.: 10058

Sérheiti: Ásmundarstaðir

Hlutverk: Garðlag, kirkjugarður (?)

Tegund: Hleðsla

Ástand: Gott, garðurinn er mjög vaxinn lyngi

Hættumat: Mikil hætta af völdum gróðurs



Horft til suðurs yfir túngarð og meintan kirkjugarð áfastan honum. Tóftirnar eru mjög jarðsokknar og kjarri vaxnar. Fyrir miðri mynd er friðlýsingarstaur sem settur var upp á staðnum um miðjan 8. Áratuginn.

Staðhættir

Um 78m beint norður af bæjarhólnum á Ásmundarstöðum, í þýfðu kjarrlendi, er ferkantað garðlag áfast túngarðinum að neðanverðu.

Lýsing

Garðlagið umlykur svæði um 18m frá norðvestri til suðausturs og 12m frá suðvestri til norðausturs. Innan garðsins er rústabunga eða tóftarleifar. Veggurinn er virkjamikill, allt að metri á hæð. Innan garðlagsins er rústabunga um 5x7m að utanmáli en sökum kjarrgróðurs eru veggjalög ógreinileg. Tóft liggur einnig áföst utan garðlagsins að suðaustan.

Aðrar upplýsingar

Munnmæli herma að um sé að ræða kirkjugarð og kirkju þá sem að getið er í þjóðsögum.

Heimildaskrá

Sigfús Sigfússon (1945). Þjóðsögur og sagnir VII. Reykjavík.

Kirkjuból 158160 99- 12

Fvnr.: 10059

Sérheiti: Ásmundarstaðir

Hlutverk: Óþekkt, kirkja (?)

Tegund: Rústabunga

Ástand: Sæmilegt, rústabungan er alþakin kjarri og veggjalög illgreinanleg

Hættumat: Mikil hætta af völdum gróðurs



Hringlaga garðlag eða tóftaupphækkun sunnan bæjarhóls á Ásmundarstöðum. Ljós. GZ.

Staðhættir

Um 78m beint norður af bæjarhólnum á Ásmundarstöðum, í þýfðu kjarrlendi, er ferkantað garðlag áfast túngarðinum að neðanverðu. Innan þessa garðlags er rústabunga en sökum kjarrgróðurs eru veggjalög ógreinileg.

Lýsing

Rústabunga þessi er um 5x7m að utanmáli en ekki var hægt að greina í henni vegg. Hún liggur, líkt og garðurinn umhverfis norðvestur-suðaustur. Rústin er mjög vaxin kjarri og í henni stendur enn friðlýsingarstaur sem að settur mun hafa verið upp um miðjan áttunda áratuginn. Hæð hólsins gæti bent til að þar hafi verið byggt á sama stað oft en einu sinni

Aðrar upplýsingar

Munnmæli eru um að rústin og garðurinn séu kirkjugarður og kirkja en samkvæmt þjóðsögum eiga Ásmundarstaðir að hafa verið kirkjustaður. Þrátt fyrir að friðlýsingarstaur sé í rústinni miðri er hún þó ekki friðlýst með þinglýsingu en fellur, líkt og aðrar fornar minjar, undir friðunarákvæði þjóðminjalaga (nr. 107/2001)

Kirkjuból 158160 99- 13

Fvnr.: 10060

Sérheiti: Ásmundarstaðir

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Ástand: Sæmilegt, veggjalög eru ógreinileg vegna mikils kjarrgróðurs

Hættumat: Mikil hætta af völdum gróðurs

Staðhættir

Um 78m beint norður af bæjarhólnum á Ásmundarstöðum, í þýfðu kjarrlendi, er ferkantað garðlag áfast túngarðinum að neðanverðu. Áföst utan suðaustur skammhliðar garðsins er tóft.

Lýsing

Tóftin liggur norðvestur-suðaustur og er um 9x4m að utanmáli. Hún er algróin kjarri og erfitt að greina veggjalög en veggjaþykkt virðist um metri. Tóftin virðist liggja á dálitilli upphækkun sem bendir til endurbygginga á sama stað.

Kirkjuból 158160 99- 14

Fvnr.: 10061

Sérheiti: Ásmundarstaðir

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Rústabunga, tóft (?)

Ástand: Gott, upphækkunin er orðin mjög samgróin umhverfi sínu en enn er í henni lítill kjarrgróður

Hættumat: Mikil hætta af völdum gróðurs og framkvæmda við vegagerð

Staðhættir

Um 20m vestur af bæjarhólnum á Ásmundarstöðum er hálf hringlaga upphækkun, greinilega tóft eða hringlaga garðlag. Tóftin eða upphækkunin er öll nokkuð þýfð og því erfitt að gera sér grein fyrir nákvæmu lagi hennar en hún virðist að utanmáli vera um 15m frá austri til vesturs og um 10m frá norðri til suðurs. Innan upphækkunarinnar er hringlaga eða aflöng dokk um 7x5m að stærð.

Aðrar upplýsingar

Munnmæli herma að ferkantaða garðlagið við túngarðinn norðanverðan séu leifar kirkju og kirkjugarðs. Hafi verið kirkja og kirkjugarður á Ásmundarstöðum í frumkristni er líklegast að hann hafi verið hringlaga, líkt og virðist hafa verið raunin með aðra kirkjugarða frá sama tíma. Formgerðarlega séð er því upphækkunin vestan bæjarhólsins líkari slíkum mannvirkjum en ferkantaða gerðið. Ekki verður þó fullyrt um slíkt nema með frekari fornleifakönnun.

Kirkjuból 158160 99- 15

Fvnr.: 10062

Sérheiti: Ásmundarstaðir

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Ástand: Gott, veggir tóftarinnar eru nokkuð kjarrgrónir en sjást ennþá vel

Hættumat: Mikil hætta af völdum gróðurs og framkvæmda við vegagerð.

Staðhættir

Um 10m suðaustan bæjarhólsins á Ásmundarstöðum á vestari bakka lækjargils liggur tóft.

Lýsing

Tóftin er líklegast af einhverskonar útihúsi og er hún vaxin lyngi og hlaupin í þúfur, líkt og aðrar tóftir frá elsta búsetuskeiði bæjarins. Tóftin er um 4x2m að innanmáli og snýr norðnorðvestur-suðsuðaustur. Dyr hafa vitað í suður. Veggir eru orðnir nokkuð jarðsokknir en eru mestir um 50cm á breidd og um 20cm á hæð. Aftan (norðan) við norður skammvegg tóftarinnar er um 7m langt garð- eða tóftarbrot sem kunna að vera leifar eldri tóftar eða garðlags en gæti einnig verið hluti af tóftinni.

Kirkjuból 158160 99- 16

Fvnr.: 10063

Sérheiti: Ásmundarstaðir

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Ástand: Gott, tóftin er orðin lyngi vaxin en veggir eru enn vel greinanlegir

Hættumat: Mikil hætta af völdum gróðurs og framkvæmda við vegagerð

Staðhættir

Vestast í bæjarhólnum þar sem hann er lægstur eru leifar kjarrgróinnar tóftar.

Lýsing

Tóftin er um 5x3m að innanmáli og virðist inngangur í hana vera við suðvestur horn. Tóftin er annars mjög hlaupin í þúfur og kjarri vaxin. Þykkt veggja er um 40cm og hæð um 30cm.

Kirkjuból 158160 99- 17

Fvnr.: 10064

Sérheiti: Ásmundarstaðir

Hlutverk: Óþekkt, stekkur (?)

Tegund: Tóft

Ástand: Gott, hleðslur eru grasi grónar en standa nokkuð vel

Hættumat: Mikil hætta af völdum gróðurs og framkvæmda við vegagerð

Staðhættir

Um 5m norðan bæjarhóls Ásmundarstaða ofan í gömlum lækjarfarvegi eru leifar af rétt eða stekk.

Lýsing

Réttin er hlaðin í gömlum lækjarfarvegi en bæjarhóllinn stendur á vestari bakka gilsins eða farvegarins sem lækurinn hefur runnið um. Hlaðið hefur verið á milli gilbakkanna og hefur hlið verið á réttinni til suðausturs. Smá afhólf virðist vera í réttinni við vestur hlið, um 4x2m að innanmáli. Réttin sjálf er um 9x9m að innanmáli. Hleðslur enn vel greinanlega og standa allt að metra háar og um metra þykkar.

Aðrar upplýsingar

Réttin virðist vera svipuð að aldri og tóftin sem liggur ofan á bæjarhólnum og nokkuð yngri en túngarðurinn og aðrar tóftir tilheyrandi býlinu sjálfu.



Leifar af rétt eða stekk í lækjarfarvegi austan bæjarhóls. Ljósm. GZ.

Kirkjuból 158160 99- 18

Fvnr.: 10065

Sérheiti: Ásmundarstaðir

Hlutverk: Óþekkt, stekkur (?)

Tegund: Tóft

Ástand: Gott, tóftirnar eru grasi grónar en veggjalög sjást enn vel

Hættumat: Mikil hætta af völdum gróðurs og framkvæmda við vegagerð



Stekkur eða önnur útihúsatóft ofan á bæjarhóli Ásmundarstaða. Ljósm. GZ.

Staðhættir

Efst á bæjarhóli Ásmundarstaða eru leifar yngri tóftar, etv. stekklar eða beitarhúsa.

Lýsing

Tóftin er þrískipt og liggur hún nálega austur-vestur, líkt og bæjarhóllinn. Austast er tóft, um 2x4m að innanmáli og virðist inngangur eða dyr hafa verið til norðurs. Fast vestan hennar er önnur tóft um 2x2m að innanáli og kann inngangur í hana að hafa verið til suðurs. Smæsta tóftin er svo vestast, um 1x3 m að innanmáli og virðist inngangur vera til norðurs.

Aðrar upplýsingar

Allar eru tóftirnar þýfðar og þegar skráning fór fram voru þær mjög gróðri vaxnar og erfitt að átta sig á nákvæmum veggjalögum. Tóftin er nær eingöngu vaxin grasi og virðist samtíma rétt eða stekk sem liggur í lækjarfarveginum en yngri en aðrar tóftir á svæðinu.

Kirkjuból 158160 99- 19

Fvnr.: 10066

Sérheiti: Ásmundarstaðir

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þústir

Ástand: Horfið

Staðhættir

Um 460m suðaustur af Kirkjubólshæ og um 125m suðaustan bæjarstæðis á Ásmundarstöðum eru óljósar leifar tóftar.

Lýsing

Fyrir miðri vesturhlið innsta túns á Kirkjubóli er dálítil sléttuð upphækkun sem kann að vera undirstöður undan tóft. Nú er búið að slétta þarna tún og er grjóthrúga norðan tóftarinnar sem kann að vera að hluta úr tóftarhleðslum.

Kirkjuból 158160 99- 20

Fvnr.: 10067

Sérheiti: Ásmundarstaðir

Hlutverk: Gata

Tegund: Leið

Ástand: Gott, leiðin er vel greinanleg fyrir utan þar sem hún hverfur í kjarrgróður.

Staðhættir

Gata liggur inn frá Ásmundarstöðum um túngarðinn, ofan bæjarhóls og út túnið í átt til Kirkjubóls. Óvíst hvort um er að ræða götu sem verið hefur í notkun þegar bæjarstæðið var í notkun eða hvort hún tengist seinni tíma minjum á svæðinu.

Hólar – ágríp af sögu

Hólar voru í bændaeign og að fornu mati 12 hdr. með hjáleigunni Tandrastöðum.⁹ Árið 1861 er jörðin 18,3 hdr. án hjáleigunnar samkvæmt nýju jarðamati, en hjáleigan metin sér á 3 hdr.¹⁰ Í Ferðabók Olavíusar segir hann fornbylíð Ásmundarstaði vera hjáleigu frá Hóli sem líklega er misritun fyrir Hóla.¹¹ Rústir fornbylis sem kallað er Ásmundarstaðir er í landi Kirkjubóls en það örnefni er ekki þekkt í Hóla landi.

Á Hólum var stundum tví- og þríbýlt. Jörðin fór í eyði 1942 og þar hefur ekki verið búið síðan.¹² Nú stendur sumarbústaður í túni Hóla, nokkru neðar en gamla bæjarstaðið.

Við fornleifaskráningu 2007 í tengslum við umhverfismat vegna vegagerðar voru skráðar 6 minjar sem féllu inn á afmarkað rannsóknarsvæði. Nokkrum minjum var bætt við skráninguna 2008.

Hólar 158157 100-7

Fvnr.: 10068

Sérheiti: Króarhraun

Hlutverk: Stekkur (?)

Tegund: Tóft

Ástand: Lítill hluti tóftar horfinn undir núverandi veg, annars er tóftin heilleg


Hættumat: Hætta vegna framkvæmda við vegagerð

Staðhættir

Tóftin liggur fast neðan (sunnan) vegar inn Fannardal austan svokallaðs Króarhrauns.

Lýsing

Tóftin er tvískipt og líkist einna helst stekkjartóft. Hún liggur norður-suður og er smærra hólfið, lambakróin sunnantil um 1x1,5m að innanmáli. Norðan hennar er stærri kró eða rétt um 3x2m að innanmáli, innangengt hefur verið á milli krónna. Veggjahæð er um 0,3m og þykkt 40cm. Hún er grasi vaxin og tveir steinar úr hleðslum eru enn greinanlegir. Inngangur eða hlið inn í tóftina hefur verið til austurs.



Hólar 158157 100-8

Fvnr.: 10069

Sérheiti: Króarhraun

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Ástand: Gott hleðslur standa vel

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda við vegagerð

⁹ Jarðatal Johnsen (1847), 373.

¹⁰ Ný jarðabók fyrir Ísland, 1861, 143.

¹¹ Ólafur Olavíus, 143.

¹² Sveitir og Jarðir, III, 45.

Staðhættir

Tóft smákofa liggur um 30m suður af vegi neðan gamla Hólabæjarins við svokallað Króarhraun, um 30m suðaustur af stekksnum nr. 7.

Lýsing

Tóftin er um 2x1,5m að innanmáli, veggir um 40cm þykkir og um 20cm háir. Tóftin er vaxin grasi og virðist svipuð stekksnum að aldri. Dyr hafa vitað í suður.

Hólar 158157 100-9

Fvnr.: 10070

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgroftur

Ástand: Gott, grafirnar eru misgrónar en óskemmdar

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda við vegagerð

**Staðhættir**

Mógrafarsvæði liggur neðst í brekku, um 100 neðan vegar neðan Hóla, um 160m suðaustan steypis grunns undan síðasta íbúðarhúsinu.

Lýsing

Mógrafarsvæðið er um 33m langt frá norðvestri til suðausturs og um 13m breitt, allt að 1,5m djúpt. Svæðið er vel gróið og þurrt. Ekki er hægt að fullyrða neitt um aldur mógrafanna.

Niðurstöður

Minjar í og við framkvæmdasvæði – mótvægisáðgerðir

Við margar af þeim minjum sem hér eru skráðar er nægilegt að sérstaklega sé tekið tillit til þeirra við skipulagningu framkvæmdasvæða, vega til og frá efnistökusvæðum o.s.frv. Sumar minjanna í nágrenni eða jaðri framkvæmdasvæða þyrfti að merkja til að komast hjá því að þær verði fyrir skemmdum vegna umferðar stórvirkra vinnuvéla. Sumar minjanna eru hins vegar í eða við veglínu og koma til með að vera í beinni hættu vegna framkvæmdanna. Allar framkvæmdir sem kunna að valda skaða á minjum ber að tilkynna til Fornleifaverndar ríkisins sem tekur ákvarðanir um mótvægisáðgerðir og veitir ef við á leyfi til að fjarlægja eða hylja minjar skv. 10. gr. Þjóðminjalaga nr. 107, 2001.

Helstu mótvægisáðgerðir eru:

- Að hnika til veglínu þar sem það er mögulegt eða fýsilegt með tilliti til kostnaðarauka.
- Heildaruppgröftur og/eða uppmæling fornleifa áður en vegur er lagður.
- Könnunarskurður og nákvæm uppmæling til að kanna aldur og gerð minjanna sem svo yrðu fjarlægðar eða huldar með leyfi Fornleifaverndar.
- Minjar fjarlægðar eða huldar með leyfi Fornleifaverndar án frekari fornleifarannsókna.
- Framkvæmdaefirlit þar sem fornleifafræðingur fylgist með framkvæmdum á viðkvæmum svæðum þar sem fornleifar kunna að vera í hættu.

Hér á eftir fylgja tillögur að mótvægisáðgerðum fyrir einstakar minjar á eða við áætluð framkvæmdasvæði í tengslum við fyrirhuguð vegstæði og gangnamunna Norðfjarðar og Eskifjarðar megin. Hafa ber í huga að hér er einungis um tillögur að ræða. Fornleifavernd ríkisins ákvarðar nánar til hvaða aðgerða verður gripið til verndar minjum og einnig hvaða skilyrðum leyfi til að hylja eða fjarlægja minjar eru háð.

Minjar sem merktar eru með **gulu** liggja í veglínu eða við jarðar framkvæmdasvæðis. Tóftir merktar með **appelsínugulu** liggja innan við 20 m frá framkvæmdasvæðum en minjar merktar með **grænu** eru í á milli 20 og 50 m fjarlægð, loks eru þær minjar sem falla utan við 50 m frá miðlínu vegar ólitaðar. Hér skal tekið fram að allar tölur um fjarlægðir miðast við upplýsingar um legu framkvæmdasvæða á kortum frá Vegagerðinni. Gefin er upp fjarlægð minjanna frá útbrún áætlaðra áhrifasvæða veglína.

Veglína 1A

Veglínan liggur úr gangnamunna til móts við Tandrastaði, sunnan Norðfjarðarár og síðan út Hólaströnd sunnan ár og norður yfir ána um 400m vestan núverandi brúar yfir ána.

Tafla 1. Minjar í innan við 100m fjarlægð frá leið 1A.

Minjar nr.	Tegund minja	Fjarlægð frá miðlínu vegar	Fjarlægð frá útbrún framkvæmdasvæðis	Aldur
Hólar 158157 100-4*	Beitarhús	64m	34m	18-19 öld
Skorrastaður 158171 93-1*	Beitarhús-tóft	27m	17m	19-20öld
Skorrastaður 158171 93-2*	Beitarhús-fjárhús/hlaða	28m	20m	19-20öld
Skorrastaður 158171 93-3*	Beitarhús - kofi	36m	22m	19-20öld
Skorrastaður 158171 93-4*	Gata	0-26m	Lendir að hluta í framkvæmdasvæði	?
Skorrastaður 158171 93-5*	Kofatóft	101m	87m	19-20 öld

*Minjar sem finna má í skránni frá 2007.

- Hólar 158157 100-4:**
Tóftir beitarhúsa frá Hólum liggja í um 30m fjarlægð frá ystu brún framkvæmdasvæðisins.
Mótvægisáðgerðir:
Merkja þyrfti tóftina á meðan að á framkvæmdum stendur til að hún verði ekki fyrir hnjaski af völdum umferðar stórvirkra vinnuvéla.
- Skorrastaður 158171 93-5**
Kofatóft frá Skorrastað liggur um 90m frá útbrún framkvæmdasvæðisins og er vart í mikilli hættu vegna framkvæmda við veglínu 1A.
- Skorrastaður 158171 93-1**
Þrjár beitarhúsastóftir frá Skorrastað liggja sunnan Norðfjarðarár. Mið tóftin er um 17m norðan við áætluð útmörk framkvæmdanna og telst því í nokkurri hættu vegna þeirra.
Mótvægisáðgerðir:
Með því að merkja minjarnar á áberandi hátt á meðan á framkvæmdum stendur má líklega koma í veg fyrir skemmdir.
- Skorrastaður 158171 93-2**
Þrjár beitarhúsastóftir frá Skorrastað liggja sunnan Norðfjarðarár. Vestasta tóftin er í um 20m fjarlægð frá útbrún rannsóknarsvæðisins og telst því í nokkurri hættu af völdum umferðar í tengslum við þær.
Mótvægisáðgerðir:
Með því að merkja minjarnar á áberandi hátt á meðan á framkvæmdum stendur má líklega koma í veg fyrir skemmdir.

- **Skorrastaður 158171 93-3**

Þrjár beitarhúsastóftir frá Skorrastað liggja sunnan Norðfjarðarár. Austasta tóftin er í um 22m fjarlægð frá útmörkum framkvæmdasvæðisins og telst í nokkurri hættu af völdum framkvæmdanna.

Mótvægisáðgerðir:

Með því að merkja tóftir beitarhúsanna á áberandi hátt á meðan á framkvæmdum stendur má líklega komast hjá skemmdum á þeim.

- **Skorrastaður 158171 93-4**

Gata liggur til austurs frá beitarhúsatfótum frá Skorrastað og sést þar á um 100m löngum kafla. Austasti hluti götunnar mun hverfa undir útbrún framkvæmdasvæðisins og stór hluti hennar verður við eða nærri væntanlegu framkvæmdasvæði.

Mótvægisáðgerðir:

Leiðin hefur verið mæld upp með nákvæmu gps tæki en nauðsynlegt er að sækja um leyfi til Fornleifaverndar ríkisins til að fjarlægja eða hylja götuna.

Veglína 1B

Leiðin liggur úr gangamunna til móts við Tandrastaði, sunnan Norðfjarðarár og síðan út Hólaströnd sunnan ár og norður yfir ána um 400m vestan núverandi brúar yfir ána. Leiðin er eins og leið 1A nema hvað hún færir um 100m neðar, nær ánni, á 1,6km löngum kafla fyrir miðri Hólaströnd.

Tafla 2. Minjar í innan við 100m fjarlægð frá leið 1B.

Minjar nr.	Tegund minja	Fjarlægð frá miðlínu vegar	Fjarlægð frá útbrún framkvæmdasvæðis	Aldur
Hólar 158157 100-4*	Beitarhús	64m	43m	18-19 öld
Skorrastaður 158171 93-1*	Beitarhús	26m*	17	19-20öld
Skorrastaður 158171 93-2*	Beitarhús	26m*	17	19-20öld
Skorrastaður 158171 93-3*	Beitarhús	36m*	23	19-20öld
Skorrastaður 158171 93-4*	Leið	26m	Lendir að hluta á framkvæmdasvæði	?
Skorrastaður 158171 93-5*	Kofatóft	9m	Lendir undir útbrún framkvæmdasvæðis	19-20 öld

*Minjar sem finna má í skránni frá 2007.

- Hólar 158157 100-4:**
Tóftir beitarhúsa frá Hólum liggja í um 43m fjarlægð frá ystu brún framkvæmdasvæðisins.
Mótvægisáðgerðir:
Merkja þyrfti tóftina á meðan að á framkvæmdum stendur til að hún verði ekki fyrir hnjaski af völdum umferðar stórvirkra vinnuvéla.
- Skorrastaður 158171 93-1**
Þrjár beitarhúsastóftir frá Skorrastað liggja sunnan Norðfjarðarár. Mið tóftin er um 17m norðan við áætluð útmörk framkvæmdanna og telst því í nokkurri hættu vegna þeirra.
Mótvægisáðgerðir:
Með því að merkja minjarnar á áberandi hátt á meðan á framkvæmdum stendur má líklega koma í veg fyrir skemmdir.
- Skorrastaður 158171 93-2**
Þrjár beitarhúsastóftir frá Skorrastað liggja sunnan Norðfjarðarár. Vestasta tóftin er í um 17m fjarlægð frá útbrún rannsóknarsvæðisins og telst því í nokkurri hættu af völdum umferðar í tengslum við þær.
Mótvægisáðgerðir:
Með því að merkja minjarnar á áberandi hátt á meðan á framkvæmdum stendur má líklega koma í veg fyrir skemmdir.
- Skorrastaður 158171 93-3**
Þrjár beitarhúsastóftir frá Skorrastað liggja sunnan Norðfjarðarár. Austasta tóftin er í um 22m fjarlægð frá útmörkum framkvæmdasvæðisins og telst í nokkurri hættu af völdum framkvæmdanna.

Mótvægisáðgerðir:

Með því að merkja tóftir beitarhúsanna á áberandi hátt á meðan á framkvæmdum stendur má líklega komast hjá skemmdum á þeim.

Skorrastaður 158171 93-4

Gata liggur til austurs frá beitarhúsunum [158171 93-1-3] og er greinanleg á um 120m löngum kafla. Veglína 1B liggur um 4. Metrum sunnar en veglína 1A og færast því útbrún framkvæmdasvæðis líklega sem því nemur frá götunni. Stærstur hluti hennar mun þó líklega verða mjög nærri væntanlegu framkvæmdasvæði og hluti hennar mun nær örugglega hverfa

Mótvægisáðgerðir:

Leiðin hefur verið mæld upp með nákvæmu gps tæki en nauðsynlegt er að sækja um leyfi til Fornleifaverndar ríkisins til að fjarlægja eða hylja götuna.

- **Skorrastaður 158171 93-5**

Kofatóft frá Skorrastað. Tóftin er um 9m frá miðlínu vegar og mun, að óbreyttu, hverfa að fullu við framkvæmdirnar.

Mótvægisáðgerðir:

Sé ekki hægt að hnika veginum til suðurs frá tóftinni ber að sækja um leyfi til að fjarlægja eða hylja tóftina til Fornleifaverndar ríkisins. Slíkt leyfi er líklegt að verði háð kröfu um könnun á aldri tóftarinnar.

Veglína 1C

Leið 1C liggur eins og leið 1B sunnan Norðfjarðarar allt þar til móts við Ásmundarstaði, innst í landi Kirkjuból en þar beygir hún yfir til norðausturs yfir ána og liggur neðan Kirkjubólstúns innan (vestan) Kirkjubólssár, yfir ána og neðsta hluta túns á Kirkjubóli og sameinast núverandi vegi við afleggjara niður að skeiðvelli.

Tafla 3. Minjar innan við 100m frá miðlínu leiðar 1C.

Minjar nr.	Tegund minja	Fjarlægð frá miðlínu vegar	Fjarlægð frá útbrún framkvæmdasvæðis	Aldur
Hólar 158157 100-4*	Beitarhús	64m	34m	18-19 öld
Skorrastaður 158171 93-5*	Kofi	9m	Lendir undir útbrún framkvæmdasvæðis	19-20 öld
Kirkjuból 158160 99-1*	Sundlaug	19m	8m	20. öld
Kirkjuból 158160 99-2*	Vegur	25m	8-18m	19-20 öld
Kirkjuból 158160 99-3*	Fjánhús	52m	36	19-20 öld
Kirkjuból 158160 99-4*	Stekkur, heytóft (?)	10m	Lendir í útbrún framkvæmdasvæðis	19-20 öld
Kirkjuból 158160 99-5*	Tóft	19m	Lendir í útbrún framkvæmdasvæðis	19-20 öld
Kirkjuból 158160 99-6*	Tóft	40m	23m	19-20 öld
Kirkjuból 158160 99-7*	Rétt	83m	72m	19-20 öld
Kirkjuból 158160 99-8*	Mógrafir	31m	16m	

*Minjar sem finna má í skránni frá 2007.

- Hólar 158157 100-4:**
